

LÖG

um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara, sbr. 3.–6. gr., skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 490 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ártalsins „2001“ í lokamálslið 6. gr. laganna kemur: 2003.

2. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

19. gr. laganna fellur brott.